

REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu.

1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2298 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2298 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fóðureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. febrúar 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2298**

frá 12. desember 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fœður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi aukið opinbert eftirlit með innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- (2) Í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að lögbært yfirvald á tilnefndum komustað annist sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af vörum sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerðina. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar má þó ákvarða við tiltekin skilyrði, í tengslum við ákvörðun um að færa nýja vöru inn í skrána í I. viðauka, að lögbært yfirvald á ákvörðunarstað annist þetta eftirlit ef viðkomandi vörur eru svo viðkvæmar fyrir skemmdum eða sérstök einkenni umbúðanna eru þannig að sýnatökur á tilnefndum komustað myndu óumflýjanlega leiða af sér alvarlega áhættu fyrir öryggi matvællanna eða vinna óviðunandi tjón á vörinni. Færslur í I. viðauka geta náð yfir ýmiss konar vörur og matið á því hversu viðkvæmar viðkomandi vörur eru fyrir skemmdum getur breyst eftir að þær eru færðar inn í skrána í I. viðauka. Að auki geta einkenni umbúða breyst, að því er varðar vörur sem þegar eru tilgreindar í skránni. Því er rétt að breyta 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 til að kveða á um að veita megi undanþáguna, sem þar er vísað til, fyrir vörur sem þegar hafa verið færðar í skrána sem og fyrir nýjar vörur sem á að færa í skrána í I. viðauka.
- (3) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. tvisvar á ári, með tilliti til a.m.k. þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.
- (4) Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fœður, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum skrifstofu heilbrigðismála og úttekta og greininga á matvælum hjá stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar heilbrigði og matvælaöryggi sem og skýrslur tvisvar á ári um vörusendingar af fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta ætti skránni.
- (5) Einkum benda viðeigandi upplýsingar, í tengslum við vörusendingar af paprikum (*Capsicum* spp.) frá Indlandi og Pakistan, til þess að ný áhætta sé komin fram sem krefst þess að aukið opinbert eftirlit sé innleitt. Því ætti að bæta við færslum varðandi þessar sendingar í skrána.
- (6) Að auki ætti að breyta gildissviði tiltekinna færslna í skránni þannig að þær nái yfir önnur afbrigði viðkomandi vöru en þau sem eru skráð eins og er, ef þessi önnur afbrigði hafa sömu áhættu í för með sér. Því er rétt að breyta þeim færslum sem fyrir eru og varða pistasíuhnetur frá Bandaríkjunum og paprikur (*Capsicum* spp.) frá Tailandi og Víetnam þannig að þær nái einnig yfir ristadar pistasíuhnetur annars vegar og frýstar paprikur hins vegar.
- (7) Enn fremur ætti að breyta skránni til að skýra nánar að færslurnar varðandi þurrkaðar þrúgur, sem falla undir SN-númer 0806 20 í sameinuðu nafnaskránni, ná einnig yfir þurrkaðar þrúgur sem hafa verið skornar niður eða maukaðar án frekari meðhöndlunar ⁽³⁾.
- (8) Einnig ætti að breyta skránni með því að fella brott færslur fyrir vörur sem teljast samkvæmt fyrirliiggjandi upplýsingum, þegar á heildina er lítið, uppfylla viðeigandi öryggiskröfur, sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, á fullnægjandi hátt og af þessum sökum er aukið opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlætjanlegt. Því ætti að fella brott færslurnar í skránni varðandi vínber til neyslu frá Egyptalandi og eggaldin frá Tailandi.
- (9) Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- (10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- (11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fœður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Skýringar við samræmt flokkunarkerfi Alþjóðatollastofnunarinnar í tengslum við 8. kafla flokkunarkerfisins sem komið var á samkvæmt alþjóðlega samningnum um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá.

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr. má framkvæmdastjórnin í undantekningartilvikum kveða á um, að því er varðar vöru sem er tilgreind í I. viðauka, að lögbært yfirvald á ákvörðunarstaðnum, sem gefinn er upp í samræmda innflutningsskjalinu, geti annast sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga slíkra vara, ef við á, í húsnæði stjórnanda fóður- eða matvælafyrirtækis ef skilyrðum sem mælt er fyrir um í b og c-lið 1. mgr. er fullnægt, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að vörurnar séu svo viðkvæmar fyrir skemmdum eða sérstök einkenni umbúðanna séu þannig að sýnatökur á tilnefndum komustað myndu óumflýjanlega leiða af sér alvarlega áhættu fyrir öryggi matvælna eða vinna óviðunandi tjón á vörunni,
- b) lögbæru yfirvöldin komi á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi á tilnefndum komustað og að þau framkvæmi ástandsskoðanir til að tryggja að:
 - i. ekki sé hægt að eiga við vörusendinguna á meðan á skoðununum stendur,
 - ii. upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í 15. gr. sé sinnt að öllu leyti.“

2) Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 12. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI
„I. VIÐAUKI

Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukið opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC-undir- skipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni eftirlits með ástandi og sannprófu- unar auðkenna (%)
Ananas (Matvæli – fersk eða kæld)	0804 30 00		Benín (BJ)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽³⁾	20
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Fóður og matvæli)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		Bólvía (BO)	Aflatoxín	50
Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>) (Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)	úr 0708 20 00; úr 0710 22 00	10 10	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽⁴⁾	50
Súpuselleri (<i>Apium graveolens</i>) (Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir)	úr 0709 40 00	20	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽⁵⁾	50
<i>Brassica oleracea</i> (annað ætt kál, kinaspergilkál) ⁽⁶⁾ (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0704 90 90	40	Kína (CN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20
Te, einnig bragðbætt (Matvæli)	0902		Kína (CN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽⁷⁾	10
– Paprika (<i>Capsicum annuum</i>) – Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) – Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	– 0709 60 10, 0710 80 51 – úr 0709 60 99, úr 0710 80 59 – úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	20 20 10 10	Dóminíska lýðveldið (DO)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽⁸⁾	20
Jarðarber (Matvæli – fersk eða kæld)	0810 10 00		Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽⁹⁾	10
– Paprika (<i>Capsicum annuum</i>) – Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	– 0709 60 10, 0710 80 51 – úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹⁰⁾	10
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Fóður og matvæli)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		Gambía (GM)	Aflatoxín	50
– Heslihnetur, í skurn – Heslihnetur, skurnlausar (Matvæli)	– 0802 21 00 – 0802 22 00		Georgía (GE)	Aflatoxín	20
Pálmaolía (Matvæli)	1511 10 90, 1511 90 11, úr 1511 90 19, 1511 90 99	90	Gana (GH)	Súdan-litarefni ⁽¹¹⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Indland (IN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹²⁾	10

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC-undir- skipting	Upprunaland	Hætta	Tiðni eftirlits með ástandi og sannpróf- unar auðkenna (%)
Þurrkaðar þrúgur (þ.m.t. þurrkaðar þrúgur sem eru skornar niður eða maukaðar, án frekari meðhöndlunar) (Matvæli)	0806 20		Íran (IR)	Okratoxín A	5
Ertur með fræbelg (með hýði) (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0708 10 00	40	Kenya (KE)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹³⁾	5
– Jarðhnetur, í skum – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Fóður og matvæli)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		Madagaskar (MG)	Aflatoxín	50
Sesamfræ (Matvæli – fersk eða kæld)	1207 40 90		Nígíría (NG)	Salmonella ⁽¹⁴⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) (Capsicum spp.) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Pakistan (PK)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	10
– Jarðhnetur, í skum – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Fóður og matvæli)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		Senegal (SN)	Aflatoxín	50
Hindber (Matvæli – fryst)	0811 20 31, úr 0811 20 11, úr 0811 20 19	10 10	Serbía (RS)	Nóróveira	10
Vatnsmelónufræ (Egusi, Citrullus spp.) og afleiddar afurðir (Matvæli)	úr 1207 70 00, úr 1106 30 90, úr 2008 99 99	10 30 50	Sierra Leóne (SL)	Aflatoxín	50
Paprikur (sætar eða aðrar en sætar) (Capsicum spp.) (Matvæli – þurrkuð, ristud, möluð eða mulin)	úr 2008 99 99, 0904 21 10, úr 0904 21 90; úr 0904 22 00	79 20 11, 19	Srí Lanka (LK)	Aflatoxín	20
– Jarðhnetur, í skum – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Fóður og matvæli)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		Súdan (SD)	Aflatoxín	50
Sesamfræ (Matvæli – fersk eða kæld)	1207 40 90		Súdan (SD)	Salmonella ⁽¹⁴⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) (Capsicum spp.) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹⁵⁾	10
Spergilbaunir (Vigna unguiculata spp. sesquipedalis, vigna unguiculata spp. unguiculata) (Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)	úr 0708 20 00; úr 0710 22 00	10 10	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹⁶⁾	20
Þurrkaðar þrúgur (þ.m.t. þurrkaðar þrúgur sem eru skornar niður eða maukaðar, án frekari meðhöndlunar) (Matvæli)	0806 20		Tyrkland (TR)	Okratoxín A	5
– Þurrkaðar aprikósar – Aprikósar, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Matvæli)	– 0813 10 00 – 2008 50 61		Tyrkland (TR)	Súlfít ⁽¹⁷⁾	20
Sitrónur (Citrus limon, Citrus limonum) (Matvæli – fersk, kæld eða þurrkuð)	0805 50 10		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20
Paprika (Capsicum annum) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	0709 60 10, 0710 80 51		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹⁸⁾	10

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC-undir- skipting	Upprunaland	Hætta	Tiðni eftirlits með ástandi og sannprófu- unar auðkenna (%)
Vínviðarlauf (Matvæli)	úr 2008 99 99	11, 19	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽¹⁹⁾	50
Granatepli (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0810 90 75	30	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²⁰⁾	20
– Eggaldin (<i>Solanum melongena</i>) – Beiskjutómatur (<i>Solanum aethiopicum</i>) (Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)	– 0709 30 00, úr 0710 80 95 – úr 0709 99 90; úr 0710 80 95	72 80 73	Úganda (UG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20
Sesamfræ (Matvæli – fersk eða kæld)	1207 40 90		Úganda (UG)	Salmonella ⁽¹⁴⁾	50
– Pistasíuhnetur, í skurm – Pistasíuhnetur, skumlausar – Pistasíuhnetur, ristaðar (Matvæli)	– 0802 51 00 – 0802 52 00 – úr 2008 19 13; úr 2008 19 93	20 20	Bandaríkin (US)	Aflatoxín	10
– Þurrkaðar apríkósur – Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Matvæli)	– 0813 10 00 – 2008 50 61		Úsbekistan (UZ)	Súlfít ⁽¹⁷⁾	50
– Kórianderlauf – Basilíka (helgibasilíka) – Mínta – Steinselja (Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir)	– úr 0709 99 90 – úr 1211 90 86 – úr 1211 90 86 – úr 0709 99 90	72 20 30 40	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²¹⁾	50
Okra (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0709 99 90	20	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²¹⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²¹⁾	50
Drekaávestir (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0810 90 20	10	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²¹⁾	10

⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾ Leiðir af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvællum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margt konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).

⁽³⁾ Leiðir af etefóni.

⁽⁴⁾ Leiðir af klórbúfami.

⁽⁵⁾ Leiðir af fenþóati.

⁽⁶⁾ Tegundir *Brassica oleracea* L. convar. Botrytis (L) Alef var. Italica Plenck, ræktunarafrögð Alboglabra. Einnig þekktar sem „Kai Lan“, „Gai Lan“, „Gailan“, „Kailan“, „Kailan“, kinaspergilkál, „Jielan“.

⁽⁷⁾ Leiðir af triflúralíni.

⁽⁸⁾ Leiðir af asefati, aldíkarbi (summa aldíkarbs, súlfíoxíðs og súlfóns þess, gefið upp sem aldíkarb), amitrasi (amitrasi, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4 -dímetýlanilínhlutann, gefið upp sem amitrasi), díafenþíuróni, díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), díþíókarbötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfíoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb).

⁽⁹⁾ Leiðir af hexaflúmróni, metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfíoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb), fenþóati og þíófanatmetýli.

⁽¹⁰⁾ Leiðir af díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), dínotéfúrani, fólpeti, próklórasi (summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórífenólhlutann, gefin upp sem próklóras), þíófanatmetýli og trifóríni.

⁽¹¹⁾ Að því er varðar þennan viðauka vísar „Súdan-litarefni“ til eftirfarandi íðefna: i. Súdan I (CAS-númer 842-07-9), ii. súdan II (CAS-númer 3118-97-6), iii. súdan III (CAS-númer 85-86-9) iv. skarlatsrauður, eða súdan IV (85-83-6).

⁽¹²⁾ Leiðir af karbófúrani.

⁽¹³⁾ Leiðir af asefati og díafenþíuróni.

⁽¹⁴⁾ Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579-1 eða aðferð sem er fullgilt með samanburði við hana í samræmi við nýjustu útgáfu EN/ISO 16140 eða aðrar svipaðar alþjóðlega viðurkenndar aðferðalýsingar.

⁽¹⁵⁾ Leiðir af formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)), própíófosí og trifóríni.

⁽¹⁶⁾ Leiðir af asefati, díkrótófosí, própíófosí, kínalfosí og trifóríni.

⁽¹⁷⁾ Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

⁽¹⁸⁾ Leiðir af díafenþíuróni, formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)) og þíófanatmetýli.

⁽¹⁹⁾ Leiðir af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.

⁽²⁰⁾ Leiðir af próklórasi.

⁽²¹⁾ Leiðir af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenþóati og kínalfosí.“